

Þrengslaleið.

Frá Svínahrauni lá leið í Lágaskarð eða Þrengsli. Var þá stefnt frá Svínahraunsbruna um slétt hraun með úfnari hraun á báðar hendur að Litla-Reykjafelli og suður fyrir það í stefnu á Þrengslahnjúk. Einnig lá leið frá Kolviðarhóli í Þrengsli eða Lágaskarð.

Hér verður lýst gömlu leiðinni um Þrengsli. Lýsingin hefst við göng undir Suðurlandsveginn. Þegar komið er í gegn um göngin er haldið niður fyrir brekkuna og gengið í átt að Þrengslum með Gráhnjúka á vinstri hönd og hraun á hina. Fljótlega er komið að tæmingarlögn frá Hellisheiðarvirkjun og er þar sum staðar nokkuð þröngt milli lagnar og hlíðar. Þegar sunnar dregur er komið hraunkanti Svínahraunsbruna sem runnið hefur frá Syðri-Eldborg sem er á milli Lambafells og Bláfjallahryggs fram með Lambafelli og þaðan suður í Þrenglin og stöðvast þar. Talið er að það hafi runnið um árið 1000 þegar íslendingar tóku kristna trú og er hraunið kallað Kristnitökuhraun. Ágæt gata er milli hrauns og hlíðar og greið leið að Stakahnjúki sem skagar út í átt að Lambafelli. Milli hans og Lambafells með sínar stóru malarnámur eru hin eiginlegu Þrengsli.

Áður en komið er að Stakahnjúk liggur leiðin upp við kletta. Á einum stað er eins og plata hafi flagnað utan af klettinum og stungist í jörð (N64°00.582' W031°26.881'). Platan er laus frá berginu að neðan og myndast þar smá skúti. Í desember 1921 skömmu fyrir jól lagði ungur maður Guðbjartur að nafni sem unnið hafði við bátasmíði á Eyrarbakka gangandi þaðan til Reykjavíkur í slæmu veðurútliti. Hann skilaði sér ekki þangað og fannst ekki þrátt fyrir leit á Hellisheiði og nágrenni. Þann 15. Júlí 1937 gekk maður sem dvaldi að Kolviðarhóli fram í Þrengsli. Hann fékk á sig rigningarskúr og leitað skjóls í fyrnefndum skúta og fann þar jarðneskar leifar og verkfæri Guðbjarts. Hann hefur villts af réttri leið og leitað skjóls í skútanum. Sérkennileg rauf er ofan við skútan og er eins og hún sé höggvin með risastórum meitli frá brún og niður.

Á leiðinni vestur fyrir Stakahnjúk er farið hjá risastórum móbergsbjörgum sem hrunið hafa úr hlíðinni og stöðvast við hraunbrúnina. Svo er komið að hraunbrún Svínahraunsbruna sem runnið hefur fram á slétt hraun sem Sléttibruni heitir og stöðvast þar. Suður úr Lambafelli gengur Lambafellsháls og hefur haldið á móti hrauninum úr Leiti og Syðri-Eldborg. Nú fer að rýmka um, vellir og hvarmar í hlíðar Stóra-Meitils og Milli Meitla en svo er svæðið á milli Stóra og Litla-Meitils kallað. Vestan við Þrengslaveg er ílangur hóll sem Lambhóll heitir og er hann í Lambafellshrauni sem er hluti af Leitahrauni sem rann úr gígnum Leitum upp við Bláfjöll fyrir um 5000 árum. Eftir dálítinn spöl er komið að eina hvarminum sem ber nafn en það er Stórhvammur. Framundan sjást Krossfjöll, lág séð héðan en rismeiri séð neðan frá (sunnan frá). Nær er Sandfell nærri Þrengslavegi og svo Geitafell hlíðbratt. Þar vestar er hraundyngjan Heiðin há, Kerlingarhnjúkur og Bláfjöll. Eftir göngu með langri hlíð opnast hvarmur og við blasir Votaberg sem er áberandi dökkt á litinn en áður en komið er að því göngum við neðan við kletta sem Hrafnaklettur heita. Þar upp af eru smá dalir upp í hlíðina sem heita Klauf eða Klaufir. Nú er komið að Votabergi. Þar drýpur oftast vatn úr berginu og

Það hefur líklega ráðið staðsetningu Hafnarsels sem kúrir undir kletti við götuna í skjóli fyrir suðaustanáttinni. Undir Votabergi hafa verið gerða vatnsþrær til að fanga vatnið úr berginu Selið var frá Þorlákshöfn en í landi Breiðabólstaðar og er sagt að selstaðan haf verið í skiptum fyrir skipsuppsátur Breiðabólstaðar í Þorlákshöfn.

Fjallsrani gengur út frá Litla-Meitli til suðvesturs sem heitir Meitiltagl. Vegur liggur frá Þrengslavegi sunnan við Meitiltagl með hlíðum Litla-Meitils austur á mikið graslendi sem Meitilflöt nefnist. Þar á leiðinni í hlíðinni eru gróðurreitir sem ferðafélagsmaðurinn Einar Ólafsson heitinn plantaði í og girti af með mikilli elju. Hæsti tindur Litla-Meitils heitir Skeggi og á hann nafna í Henglinum í beinni línu norður um röð fjalla sem ná frá syðri Skeggja til hins nyrðri.

Framhald Þrengslaleiðar liggur frá Meitiltagli yfir fyrrnefndan veg og svo Þrengslavegin. Við göngum götuna til suðvesturs hjá vörðu og komum fljótlega á götu þvert á leið okkar (N63°57.454' W021°27.072'). Sú gata kemur ofan frá Ólafsskarði vel vörðuð. Á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar frá 1844 er þessi gata nefnd Ólafsskarðsvegur. Gatan er svo gengin til suðausturs með hraunkanti Eldborgarhrauns/Innbruna yfir eina af mörgum gjám sem eru á svæðinu sunnan Litla-Sandfells. Svo er farið upp á hrauntungu sem er slétt og greiðfær en fljótlega er varða á vinstri hönd. Næst svo er farið niður af hrauntungunni og eru hér gatnamót (N63°57.341' W021°26.748'). Gata liggur beint áfram yfir margar gjár á jarðbrúm að Krossfjöllum austanverðum og með þeim og síðan niður austur með Torfdalsmel, Torfdal, Torfdalshraun að Breiðabólstað/Hlíðardalsskóla. Af þeirri leið er stutt að tóftum eyðibýlisins Skriðu sem var í ábúð í nokkur ár. (N63°56.958' W021°26.209') sem er við norðaustur horn Krossfjalla. Hægt er að miða á mikla grjóturð í hlíðinni sem sker sig alveg úr. Tóftirnar er þar við urðina og leið með Krossfjöllum norðanverðum og síðan niður með þeim að vestanverðu. Af leiðinni var farið á Lágaskarðsveg, af þeim sem komu neðan frá Breiðabólstað. Eru gatnamótin (N63°56.675' W021°24.401') við suðausturhorn Krossfjalla og er varða þar við. Haldið er þá til norðurs yfir Þrengslaveg og sem leið liggur inn að krika við Innbruna á götu sem næst verður sagt frá.

Nú hverfum við aftur þar sem farið var ofan af hrauntungunni að gatnamótum. Hér er leið á Lágaskarðsveg. Snúið er til austurs farið yfir Þrengslaveg og þar aftur að hraunbrúninni og henni fylgt inn í krika í hrauninu (N63°57.080' W021°24.353'). Hér eru gatnamót við leið sem áður var getið frá suðausturhorni Krossfjalla. Leiðin liggur svo yfir slétt hraun Innbruna í Eldborgarhrauni að Lönguhlíð og Lágaskarðsvegi.

Leiðin frá Suðurlandsvegi að Breiðabólstað/Hlíðardalsskóla er um 15 Km. Jafnlend þar til halla fer niður í Ölfus. Auðvelt er að komast að leiðinni og ganga hana í mörgum áföngum.

Jón Svanþórsson.